

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Deiliskipulagsbreyting fyrir frístunda- og ferðaþjónustusvæði að Hellishólum.

Breytingin felst meðal annars í stækkun gistiskála, byggingarreitur veitingahúss er felldur niður, en í hans stað er gert ráð fyrir gistihúsi með allt að 60 gistiherbergjum. Mörkuð er lóð um eignina. Byggingarmagn þjónustuhúss á tjaldsvæði er minnkað og mörkuð lóð um eignina. Gerðar eru breytingar á bílastæðum og vegslóða. Lóðin Réttarmói 1 er minnkuð og markaðar eru lóðir um íbúðarhús og veitingahús.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af byggðarráði Rangárþings eystra 29. ágúst 2013.

Ofangreind tillaga að deiliskipulagsbreytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 5. nóvember 2013.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.